



Minningarorð um Halldóru Pálsdóttur

Dýrafjörður og Bessastaðir. Sveitastúlkan sem kom ung til starfa hjá Ásgeiri og Dóru og varð svo í áratugi hollur ráðgjafi allra sem síðar urðu forsetar lýðveldisins, sálin og kjölfestan, gleðigjafi og reynslusjóður í daglegri önn forsetasetursins, létt í lund á formlegum stundum og stýrði með öryggi viðburðum og móttökum til heiðurs tignum gestum jafnt sem íslenskri alþýðu.

Halldóra Pálsdóttir bar ætíð í fasi sínu, viðmóti og hugsun veganestið sem hún fékk í hinum fagra firði, var hinn glaðværi Vestfirðingur sem gerði sér aldrei mannamun en lærði líka að fága formið í samskiptum ráðamanna eins og þrautreyndur diplómat.

Forsetaembættið byggir ekki aðeins á regluverki eða ákvæðum í stjórnarskrá heldur fyrst og fremst á fólki; ekki bara forsetanum sjálfum heldur fólkinu sem velst til starfa við embættið. Það hefur ætíð verið fámennur hópur; reyndar undravert að svo fáir hafi í áratugi lýðveldissögunnar skilað öllu því sem þurfti til að gæta þess sóma sem jafnan verður að setja svip á öll verk og athafnir þjóðhöfðingjans.

Í þessari fámennu sveit hafði Halldóra algjörlega sérstöðu, bæði vegna ríkulegrar reynslu en líka vegna mannkosta sinna og heilinda. Enginn annar í sögu lýðveldisins hefur verið jafn lengi á vaktinni; fyrst í áraraðir með Ásgeir Ásgeirssyni og síðan nutu Kristján Eldjárn, Vigdís Finnbogadóttir og ég starfa og vináttu Halldóru, fórum að hollum ráðum hennar, máttum mikils þegar hún létti formfastar stundir með hárfínni kímni eða góðri sögu; jafnt á heimili forsetans sem og í öðrum vistarverum Bessastaða.

Ásamt forsetunum fjórum hafa fjölskyldur okkar bundist Halldóru sterkum böndum. Hún varð okkur félagi og vinur í hinni sérstæðu tilveru sem jafnan fylgir búsetu á Bessastöðum.

Því kynntumst við Guðrún Katrín vel þegar við komum ásamt Tinnu og Döllu til staðarins. Í veikindum Guðrúnar Katrínar og eftir andlát

hennar var Halldóra klettur í hinni daglegu glímu. Hún varð líka fyrsta vinkonan sem Dorrit eignaðist á Íslandi og gaman að verða vitni að því hve vel dætur Dýrafjarðar og Jerúsalem náðu saman.

Við andlát Halldóru þökkum við öll í fjölskyldunni vináttu hennar og trúmennsku, hjálpssemi hennar og hlutdeild í ævi okkar árum saman, jafnt á stundum gleði sem sorgar.

Ég þakka líka einstaka þjónustu hennar við embætti forseta Íslands og við kirkjuna á Bessastöðum, framlag hennar til þeirrar farsældar sem þjóðhöfðingjarnir hafa notið, allt frá tíð Ásgeirs Ásgeirssonar til okkar daga.

Hún var í áraraðir embættinu einstakur fjársjóður reynslu og upplýsinga, þekkti fordæmin og vissi hvað var við hæfi, gat rakið sögu gripa og minja sem prýða staðinn; var í senn sagnabrunnur og gagnabanki; ómissandi á tímum þegar minnið gildi enn; tölvan ekki mætt leiks.

Þótt Halldóra vildi vegna eðlislægrar háttvísi og hógværðar aldrei ræða eigið framlag eru störf hennar í þágu lýðveldisins þökkuð á kveðjustundu. Hennar ævi verður ætíð samofin sögu Bessastaða.

Ólafur Ragnar Grímsson

*Greinin birt í Morgunblaðinu
föstudaginn 23. október 2015*